



Sveitarfélagið Vogar

## **Reglur um lækkun og niðurfellingu fasteignaskatts elli- og örorkulífeyrisþegar samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar.**

### 1. gr.

Til að geta átt rétt á afslætti af fasteignaskatti samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar hverju sinni, þarf eftirtöldum skilyrðum að vera fullnægt.

a. Umsækjandi sé 75% öryrki eða 67 ára eða eldri. Ellilífeyrisþegar geta átt rétt á afslætti á því ári sem þeir verða 67 ára. Þeir sem eru úrskurðaðir 75% öryrkjar á álagningarári eiga rétt á hlutfallslegri lækkun frá því að örorkumat tók gildi.

b. Umsækjandi búi sjálfur í eigin íbúðarhúsnæðinu sem staðsett sé á íbúðarsvæði skv. skipulagi og hafi ekki af því leigutekjur. Heimilt er að víkja frá þessu skilyrði, þegar umsækjandi dvelur á stofnun, á því ári sem viðkomandi fer á stofnun og næsta ár á eftir, enda hafi viðkomandi ekki leigutekjur af húsnæðinu. Sé sótt um afslátt af húsnæði sem stendur utan hefðbundins íbúðarsvæðis skv. skipulagi, skal afsláttur áskilinn því að húsnæðið hafi A skráningu í Landsskrá fasteigna og ekki sé um að ræða húsnæði sem stendur á skráðu frístundahúsasvæði.

c. Sé umsækjandi í óvígðri sambúð gilda sömu reglur og um hjón sé að ræða.

d. Þegar um hjón eða sambúðaraðila er að ræða nægir að annað hjóna eða sambúðaraðila fullnægi því skilyrði að vera elli- eða örorkulífeyrisþegi.

e. Falli annar aðilinn, sem getið er í staflið d, frá, þá á sá eftirlifandi rétt á því að njóta afsláttar hjóna, eða sambúðaraðila, út árið sem fráfalið átti sér stað á, óski hann þess.

f. Verði slit á hjónabandi eða sambúð þeirra einstaklinga sem getið er í staflið d, þá eiga aðilar máls rétt á öðru tveggja, frá og með þeim tíma sem lögskilnaður er skráður eða sambúðarslit skráð:

1. að njóta óbreytts afsláttar út álagningarárið óski þeir þess
2. að vera meðhöndlaðir sem einstaklingar frá og með þeim tíma óski þeir þess, enda geti þeir með fullnægjandi hætti sýnt aðgreindar sértekjur sínar vegna ársins á undan sbr. gr. 2 og 3.

2. gr.

Tekjuviðmið eru heildarárstekjur heimilisins næsta ár á undan álagningarárinu, samkvæmt skattframtali.

3. gr.

Umsækjendur skulu leggja fram umsókn á tilskildum eyðublöðum, ásamt endurríti af skattframtali staðfestu af skattstjóra og örorkumatsvottorð, ef við á.

Afsláttur er veittur frá næstu mánaðarmótum eftir að umsókn berst og gildir aðeins fyrir viðkomandi álagningarár.

4. gr.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga endurskoðar tekjumörk og hámark afsláttar í desember ár hvert, fyrir næsta ár.

Reglur þessar eru settar með heimild í 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

Gildandi afsláttartafla fyrir árið 2013 skv. ákv. bæjarstjórnar.

Tekjur allt að:

<b>Einstaklingur</b>	<b>Hjón</b>	<b>Afsláttur</b>
2.182.250	3.300.250	100%
2.472.500	3.762.500	75%
2.827.250	4.187.125	50%
3.122.875	5.197.625	25%

Bæjarstjórn samþykkir að veittur verði 5% staðgreiðsluafsláttur af fasteignaskatti, séu gjöldin að fullu greidd eigi síðar en 28. febrúar 2013.

Gjalddagar eru 10, 1. febr. - 1. nóvember, eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.

### **Samþykkt í bæjarstjórn 5. desember 2006.**

### **Breyting á tekjuviðmiðum samþykkt í bæjarstjórn 19. desember 2012**

#### **(Eftirfarandi er viðbót árið 2020).**

Samkvæmt gjaldskrá sveitarfélagsins sem samþykkt var á fundi bæjarstjórnar 27. nóvember 2019 er afsláttur af fasteignagjöldum fyrir árið 2020 eftirfarandi:

**Veittur er afsláttur á fasteignaskatti íbúðarhúsnæðis til eigin nota hjá elli- og örorkulífeyrisþegum:**

**Tekjur allt að:**

<b>Einstaklingar</b>	<b>Hjón</b>	<b>Afsláttur</b>
3.874.282	5.423.994	100%
4.148.568	5.807.995	75%
4.480.452	6.272.634	50%
4.837.229	7.527.060	25%

Bæjarstjórn samþykkir að veittur verði 5% staðgreiðsluafsláttur af fasteignaskatti, séu gjöldin að fullu greidd eigi síðar en 20. febrúar 2020. Gjalddagar eru 10, frá 25. janúar - 25. október, eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.